

**Nr. 121 / 15 Kap VE 4*****Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 2363      IMO 8714724  
Smíðaður: Danmörku 1988, stál  
Stærð: 699,5 brl. 1085 bt.  
Mesta lengd: 54 m      Skráð lengd: 47,49 m  
Breidd: 11 m      Dýpt: 6,6 m  
Vél: Wartsila 2250 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 12



Kap©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. mars 2015 var Kap VE 4 á loðnuveiðum með nót á SV miðum. Veður:

Skipverjar voru á þilfari við að taka inn fiskislöngu en þegar einn þeirra var að setja stroffu utan um hana kom alda sem lyfti slöngunni með þeim afleiðingum að hægri hendi hans lenti á milli hennar og rekkverksins. Skipverjinn leitaði til læknis þegar komið var í land.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjar voru að ganga frá fiskidælunni eftir að hafa dælt úr nót annars skips;
- að fiskidælan var komin inn á þilfar en barkinn lá út fyrir lunninguna og niður í sjó;
- að skipverji þurfti að teygja sig út fyrir lunninguna til að koma stroffunni á barkann;
- að talið var að loft hefði verið í barkanum því hann lyftist upp á öldunni.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.